# Hvernig er hægt að tryggja jafnrétti til náms um allt land í skóla án aðgreiningar?

Karl Frímannsson

Fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar

# Skóli án aðgreiningar

- Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og ná besta mögulega árangri. Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins.

- Viðtal við Hrund Logadóttur er hægt að nálgast á http://vimeo.com/48942910

# Jafnrétti til náms

- Um jafnrétti í aðalnámskrá
  - (Jafnrétti felst í því að)skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.
- Jafnrétti til náms
  - Yfirvöld, skólastjórar og kennarar skapi öllum tækifæri til að læra á eigin forsendum
- Að læra á eigin forsendum
  - byggir fyrst og fremst á viðbrögðum kennara við þörfum nemenda (Tomlinson)

# Starfshættir kennara og skólastjóra

- Kennarar eru fagstétt og þeir eru sérfræðingar í kennslu.

- Kannanir benda til að allt að fjórðungur kennara sinni ekki aðlögun náms að þörfum nemenda þ.e.a.s. Vinna ekki skv. markmiðum skóla án aðgreiningar.

- Sjaldnast er virkt eftirlit með störfum kennara.

- Í kennsluáætlunum þarf að gera grein fyrir aðlögun náms.

- Starfshættir kennara eru stærsti áhrifavaldurinn í námi barna.

# Sérfræðiþjónusta

- Stuðningur við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra

- Stuðningur við starfsemi skóla og starfsfólk

- Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

- Sérfræðiþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

# Sérfræðiþjónusta

- Stuðningur við starfsfólk skóla
  - ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir
  - ráðgjöf vegna starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfa og starfsumhverfis
  - aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á námsaðstæðum, veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði
  - fylgjast með að viðeigandi matstæki séu tiltæk, útvega slík matstæki eftir því sem þörf krefur og aðstoða við framkvæmd og eftirfylgni í samstarfi við fræðsluyfirvöld

# 12. gr. Ráðgjöf, eftirfylgni og mat á árangri.

- Að fenginni athugun eða greiningu gerir starfsfólk sérfræðiþjónustu sveitarfélags tillögu um viðeigandi úrræði með starfsfólki skóla, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa.

- Eftirfylgni og mat á árangri er í höndum sérfræðiþjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla.

# Skyldur sveitarfélaga

- Sveitarfélög skulu mæla fyrir um það í skólastefnu sinni hvernig markmiðum þessarar reglugerðar verði náð.
- Við gerð símenntunaráætlana skal lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt reglugerð þessari innan skólanna.
- Nánar skal kveðið á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá leik- og grunnskóla.
- Verkferlar skóla og sérfræðiþjónustu sveitarfélaga vegna sérfræðiaðstoðar við nemendur skulu vera aðgengilegir.

# Jafnrétti um allt land?

- Stærð skóla
- Staðsetning skóla
- Mönnun í stöður skólastjóra og kennara
- Mönnun sérfræðiþjónustu

# Jafnrétti til náms?

- Virkni skólanefnda
- Skólastefna sveitarfélaga
- Framkvæmd þjónustunnar
- Ytra mat á skólastarfi

# Að tryggja réttindi barna

– Þótt eftirfylgni og mat á árangri sé í höndum sérfræðiþjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla þá bendir margt til þess að því sé ekki sinnt sem skildi.

– Í dreifðum byggðum er sérfræðiþjónusta oft stopul.

– Stuðningur við kennara og stjórnendur er af skornum skammti í dreifbýli þar sem erfitt er að ráða fólk með rétta menntun og nægilega reynslu í sérfræðiþjónustuna.

– Full ástæða er til að gera þær kröfur til allra kennara og skólastjóra að sýna fram á hvernig laga á nám að þörfum nemenda. Þannig tryggjum við best réttindi barna.